

**Ed.**

**174. Frumvarp til laga**

[44. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. febr.).

Samhljóða þskj. 168 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

a) 1. málslíður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem:

b) Í stað orðanna „nefndarlaun, stjórnarlaun og eftirlaun“ í 2. málslíð 1. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laganna komi orðin: nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir.

c) Úr 1. málslíð 2. tl. A-liðs 7. gr. laganna falli orðið „lífeyri“.

d) 3. málslíður 2. tl. A-liðs 7. gr. laganna orðist svo:

Þó skal hvorki teljast til tekna barnalífeyrir, sem greiddur er skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað, né heldur barnsmeðlag að því leyti sem það takmarkast af fjárhæð barnalífeyris skv. 14. gr. sömu laga.

e) B-liður 7. gr. laganna orðist svo:

Allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir, rekstrarstöðvunarbætur og hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum liðum þessarar greinar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

f) Í stað „111. gr.“ í 2. mgr. 2. tl. C-liðs 7. gr. laganna komi: 116. gr.

g) Í 6. tl. C-liðs 7. gr. laganna falli orðin „og talin þar til rekstrarútgjalda“ brott.

e-liður 14. gr. hljóðar svo:

e) 1. málslíður 3. tl. C-liðs 30. gr. laganna orðist svo:

Námsfrádráttur hjá mönnum 16 ára og eldri og skal hann nema helmingi af þeim tekjum, sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hefur verið dreginn frádráttur skv. 1.—5. tl. A-liðs þessarar greinar, enda hafi þeir stundað nám í a. m. k. 6 mánuði á tekjuárinu.

22. gr. hljóðar svo:

44. gr. laganna orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 50% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr.

Heimilt er að fyrna sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en ekki hafa verið teknir í notkun í ársbyrjun, enda hafi beinn fjármagnskostnaður á byggingartíma verið eignfærður. Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum. Fyrirframfyrning skv. þessari mgr. og 2. másl. 1. mgr. skal þó aldrei vera hærri en nemur heildarfjárhæð tekjufærslu samkv. 53. gr. vegna viðkomandi árs.

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. er heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði, sem notað er til öflunar tekna í atvinnurekstri, sérstakri fyrningu samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Eigi má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessari grein, og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartaps frá fyrri árum.

34. gr. hljóðar svo:

a) 5. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna falli niður og breytist númer annarra töluliða til samræmis við það.

b) Við 1. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr tl. er verði 7. tl. og orðist svo:

Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.